

LANDSRÉTTUR

Dómur föstudaginn 23. nóvember 2018.

Mál nr. 248/2018:

Matvæla- og veitingafélag Íslands

(Valborg Þ. Snævarr lögmaður,
Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður, 1. prófmál)

gegn

A

(Heiðar Ásberg Atlason lögmaður)

Lykilorð

Stéttarfélag. Sönnun.

Útdráttur

A höfðaði mál gegn M og krafðist greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði M eftir að A kvaðst hafa látið af störfum hjá X ehf. vegna veikinda. Meginágreiningur málsins laut að því hvort A hefði fullnægt skilyrðum tiltekins ákvæðis í reglugerð sjúkrasjóðs M til greiðslna úr sjóðnum. Í dómi Landsréttar kom fram að samkvæmt ákvæðinu bæri sjóðfélagi sem óskaði eftir greiðslu úr sjóðnum sönnunarbyrði fyrir því að skilyrðum til greiðslna úr sjóðnum væri fullnægt. A hefði ekki fært fram fullnægjandi sönnun fyrir því að félags- og sjúkragjöld hefðu verið dregin af launum hans samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum á tilteknu tímabili eins og mælt var fyrir um í ákvæðinu. Skilyrðum fyrir greiðslum úr sjúkrasjóði M samkvæmt ákvæðinu hefði því ekki verið fullnægt. Var M því sýknað af kröfum A.

Dómur Landsréttar

Mál þetta dæma landsréttardómaramarnir Aðalsteinn E. Jónasson, Ásmundur Helgason og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.

Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- 1 Áfrýjandi skaut málinu til Landsréttar 8. mars 2018. Áfrýjað er dómi Héraðsdóms Reykjavíkur [...] 2018 í máli nr. E-[...]/2017.
- 2 Áfrýjandi krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnda en til vara að kröfurnar verði lækkaðar. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Landsrétti.
- 3 Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Landsrétti.
- 4 Við upphaf aðalmeðferðar var horft og hlustað á hluta skýrslu stefnda fyrir héraðsdómi og vitnanna B og C en skýrsla vitnisins D var spiluð í heild.

Niðurstaða

- 5 Atvikum málsins er lýst í hinum áfrýjaða dómi. Eins og þar er rakið snýst meginágreiningur máls um það hvort stefndi hafi fullnægt skilyrðum greinar 9.5 í reglugerð sjúkrasjóðs áfrýjanda til greiðslna úr sjóðnum samkvæmt umsókn hans 29. desember 2014.
- 6 Í grein 9.5 segir að hafi „iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði [skuli] hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd“. Grein 9.5 felur í sér undanþágu frá grein 9.1 sem gerir ráð fyrir því að rétt til greiðslu sjúkradagpeninga eigi eingöngu þeir sem sannanlega hafa greitt, eða sem greitt hefur verið vegna, til sjóðsins í samræmi við kjarasamning í að minnsta kosti sex mánuði. Grein 9.5 er ætlað að koma í veg fyrir að sjóðfélagar glati rétti til greiðslna úr sjóðnum vegna vanefnda vinnuveitenda þeirra.
- 7 Við meðferð málsins í héraði skoraði áfrýjandi á stefnda að leggja fram „bankayfirlit (reikningsyfirlit/útskrift/dagsettar millifærslukvittanir)“ til staðfestingar á reglulegum launagreiðslum X ehf. til hans vegna tímabilsins febrúar til og með nóvember 2014. Við skýrslutöku fyrir héraðsdómi greindi stefndi frá því að hann hefði talið að launin hans hefðu verið lögð inn á bankareikning hans. Ekki hefur verið brugðist við áskorun áfrýjanda um að leggja fram gögn því til staðfestingar. Samkvæmt því liggur ekki fyrir sönnun um að stefndi hafi fengið reglulega greidd laun á síðustu sex mánuðum fyrir umsókn sína um greiðslur úr sjúkrasjóðnum.
- 8 Í málinu liggja fyrir afrit af launaseðlum fyrir tímabilið ágúst til nóvember 2014. Launaseðlarnir eru allir ódagsettir og er reitur fyrir upplýsingar um launareikning stefnda óútfylltur. Launaseðlarnir bera með sér að af launum stefnda hafi verið dregnar greiðslur í félags- og sjúkrasjóð en fyrir liggur að skilagrein vegna greiðslna í félags- og sjúkrasjóð fyrir allt árið 2014 var ekki skilað af hálfu vinnuveitanda stefnda fyrr en 29. desember 2014, eða á sama tíma og umsókn stefnda um greiðslur úr sjóðnum var lögð fram. Með hliðsjón af því og að engar upplýsingar liggja fyrir í málinu um hvort stefnda hafi í reynd verið greidd laun á umræddu tímabili, er ekki hægt að leggja til grundvallar að greiðslur í félags- og sjúkrasjóð áfrýjanda hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregnar af launum hans síðustu sex mánuði fyrir umsókn hans í árslok 2014.
- 9 Samkvæmt grein 9.5 í reglugerð sjúkrasjóðs áfrýjanda ber sjóðfélagi sem óskar eftir greiðslu úr sjóðnum sönnunarbyrðina fyrir því að fyrrgreindum skilyrðum til greiðslna úr sjóðnum sé fullnægt. Eins og fyrr greinir hefur stefndi ekki fært fram fullnægjandi sönnun fyrir því að félags- og sjúkragjöld hafi verið dregin af launum hans samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum á umræddu tímabili. Samkvæmt því verður að leggja til grundvallar að skilyrðum fyrir greiðslum úr sjúkrasjóð áfrýjanda samkvæmt grein 9.5 sé ekki fullnægt.

- 10 Samkvæmt framangreindu verður áfrýjandi sýknaður af kröfum stefnda en rétt þykir að málskostnaður fyrir héraðsdómi og Landsrétti falli niður.

Dómsorð:

Áfrýjandi, Matvæla- og veitingafélag Íslands, er sýkn af kröfum stefnda.

Málskostnaður fyrir héraðsdómi og Landsrétti fellur niður.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur fimmtudaginn [...] 2017

Mál þetta var höfðað 1. mars 2017 og dómtekið að lokinni aðalmeðferð 30. janúar sl. Stefnandi er A, [...]. Stefndi er Matvæla- og veitingafélag Íslands [...].

Stefnandi krefst aðallega greiðslu 7.563.925 króna auk dráttarvaxta samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá þingfestingu málsins til greiðsludags. Til vara er þess krafist að viðurkenndur verði með dómi réttur stefnanda til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði stefnda með vísan til reglugerðar fyrir sjúkrasjóð stefnda með breytingum frá aðalfundi 2013, fyrir tímabilið frá 1. desember 2014 til og með 31. ágúst 2016. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu, en til vara að krafa stefnanda verði lækkuð verulega. Hann krefst einnig málskostnaðar.

Helstu ágreiningsefni og yfirlit málsatvika

Meginágreiningur aðila lýtur að rétti stefnanda til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði stefnda eftir að stefnandi kveðst hafa látið af störfum hjá X ehf. í lok nóvember 2014 vegna veikinda. Einkum er deilt um hvort stefnandi hafi fullnægt skilyrðum greinar 9.5 í reglugerð sjúkrasjóðs stefnda þar sem segir að hafi iðgjöld til sjóðsins ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann geti fært sönnur á að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu sex mánuði, skuli hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hefðu verið greidd. Ef fallist er á að stefnandi hafi notið réttar til dagpeninga greinir aðila á um það við hvaða fjárhæðir og tímabil eigi að miða greiðslur dagpeninga. Ágreiningur er með aðilum um atvik málsins, þar á meðal hvort stefnandi hafi verið fullgildur félagi í sjúkrasjóði stefnda og hvort hann hafi þegið laun hjá X ehf. samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum, sbr. áður nefnda grein 9.5 í reglugerð sjúkrasjóðsins.

Stefnandi er menntaður matreiðslumaður með áratugalanga starfsreynslu, bæði sem sjálfstæður veitingamaður og launþegi. Hann kveðst hafa starfað tímabundið hjá X ehf. á árinu 2012 en hafið á nýjan leik störf hjá félaginu þegar það opnaði veitingastaðinn Y í Reykjavík um mitt ár 2013. Enginn ráðningarsamningur liggur fyrir í málinu, en í máltilbúnaði stefnanda er miðað við að frá 1. febrúar 2014 hafi hann verið í fullu starfi hjá félaginu og laun hans numið 450.000 krónum á mánuði í stað 150.000 króna áður. Í kjölfar [...] 4. júlí 2014 var veitingastaðnum lokað og lagðist reksturinn að mestu af. Stefnandi kveðst hins vegar hafa verið áfram á launaskrá til loka nóvember þess árs og sinnt tilfallandi veislupjónustu. Samkvæmt læknisvottorði sem fyrir liggur í málinu greindist stefnandi með [...] í ágúst 2014 og var óvinnufær frá því tímamarki. Af gögnum málsins verður ekki ráðið hvort eða að hvaða marki stefnandi fékk greidd laun í veikindum en á því er byggt að réttur hans til launa í veikindum gagnvart X ehf. hafi verið uppurinn þegar launagreiðslum til hans lauk í lok nóvember 2014. Ekki er um það deilt að aðaleigandi X ehf. er dóttir stefnanda.

Hinn 29. desember 2014 fyllti stefnandi út og lagði fram umsókn um greiðslu úr sjúkrasjóði stefnda á starfstöð hans. Samkvæmt greinargerð stefnda fylgdu með umsókninni læknisvottorð og launaseðlar vegna ársins 2014. Ekki er um það deilt að stefnda höfðu ekki borist neinar skilgreinar X ehf. vegna greiðslna í sjóði stefnda fyrir störf stefnanda vegna ársins 2013 eða 2014 þegar umsóknin var lögð fram. Af gögnum málsins og skýrslum fyrir dómi verður ráðið að starfsmenn stefnda hafi óskað eftir því

að stefnandi legði fram frekari gögn til stuðnings umsókn sinni. Kemur fram í greinargerð stefnda að stefnandi hafi í framhaldinu komið sjálfur á starfstöð stefnda og afhent þar þær skilagreinar X ehf. sem upp á vantaði. Í bréfi fyrirsvarsmanns stefnda 30. janúar 2015 til stefnanda var tekin afstaða til beiðni hans og sagði þar meðal annars eftirfarandi: „Stjórn Sjúkrasjóðs [stefnda] hefur verið að fara yfir þitt mál og niðurstaðan er sú að þetta séu ótrúverðug gögn og til þess gerð að tryggja þig eftir á. Það má ætla að launaseðlar og skilagreinar séu búin til í lok desember.“ Í bréfinu kom jafnframt fram að X ehf. þyrftu að gera upp skuld sína við stefnda svo stefnandi gæti átt rétt til greiðslu. Þá var stefnandi krafinn um yfirlit frá viðskiptabanka sínum þar sem fram kæmu mánaðarlegar launagreiðslur frá X ehf.

Lögmaður stefnanda svaraði bréfi stefnda með tölvubréfi 10. mars 2015 þar sem sjónarmiðum stefnda var mótmælt. Einnig var upplýst að iðgjöld til stefnda yrðu að fullu innt af hendi þegar tryggingarbætur vegna afleiðinga [...] hefðu verið greiddar X ehf. Stefndi svaraði bréfi lögmannsins með tölvubréfi 11. mars 2015. Í bréfinu er því haldið fram að stefnandi hafi ekki verið félagsmaður í stefnda frá maí 2013 en þá hafi félagsgjöld vegna hans borist frá Vinnumálastofnun. Skilagreinar vegna X ehf. hafi borist stefnda frá ríkisskattstjóra 9. október 2014 fyrir árið 2013 en stefnandi ekki verið á þeim skilagreinum. Hinn 29. desember 2014 hafi stefnandi komið með skilagreinar til Stafa lífeyrissjóðs fyrir tímabilið maí 2013 til nóvember 2014. Þar hafi verið búið að bæta honum inn á skilagreinar fyrir árið 2013 og hafi hann samkvæmt þeim verið með 150.000 krónur í mánaðarlaun. Hann hafi ekki verið á skilagrein vegna janúar 2014 en hins vegar verið á skilagreinum vegna febrúar 2014 til nóvember 2014 og þá tilgreindur með 450.000 krónur í mánaðarlaun. Sömu launaupplýsingar hafi komið fram á launaseðlum sem stefnandi hafi afhent stefnda með umsókninni 29. desember 2014. Í bréfinu kemur jafnframt fram að vinnustaður stefnanda hafi [...] og hefði þá verið eðlilegt að starfsmönnum væri sagt upp. Það hafi einnig vakið athygli starfsmanna stefnda að samkvæmt nýju skattkorti stefnanda hafi hann átt ónýttan persónuafslátt 29. desember 2014 að fjárhæð 157.139 krónur sem ekki hefði átt að vera hægt hefði hann verið á launum það ár. Í bréfinu er ítrekað að stefnandi þurfi að leggja fram upplýsingar frá viðskiptabanka sínum um að laun hans frá og með febrúar 2014 hafi verið greidd.

Hinn 18. mars 2015 voru iðgjöld vegna stefnanda samkvæmt framangreindum skilagreinum vegna árána 2013 og 2014 greidd til Stafa lífeyrissjóðs sem sér einnig um móttöku iðgjalda í sjúkrasjóð stefnda. Með bréfi lögmanns stefnanda til stefnda 8. maí 2015 var krafa stefnanda ítrekuð. Bréfinu fylgdi launamiði fyrir stefnanda vegna ársins 2013 og gögn frá tollstjóra um staðgreiðslu stefnanda vegna árána 2013 og 2014. Á fundi stjórnar stefnda 20. maí 2015 var kröfu stefnanda hins vegar endanlega hafnað með vísan til þess að ekki hefðu komið frekari staðfestingar á því að um reglulegar launagreiðslur hefði verið að ræða, svo sem áskilið væri í grein 9.5 í reglugerð um sjúkrasjóð stefnda.

Stefnandi höfðaði mál gegn stefnda 21. september 2015 og krafðist þess að viðurkenndur yrði réttur hans til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði stefnda með vísan til reglugerðar fyrir sjúkrasjóð stefnda með breytingum frá aðalfundi 2013. Með úrskurði héraðsdóms 17. nóvember 2016 var málinu sjálfkrafa vísað frá dómi samkvæmt 4. tölulið 1. mgr. 80. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála þar sem kröfugerð stefnanda væri ódómtæk. Var í forsendum úrskurðarins vísað til þess að af hálfu stefnda hefði því verið lýst yfir við aðalmeðferð málsins að með öllu væri óvíst hvaða tímamark bæri að leggja til grundvallar varðandi stofnun réttinda stefnanda, ef fallist yrði á viðurkenningarkröfu hans. Stefnandi var úrskurðaður til að greiða stefnda 1.000.000 króna í málskostnað. Úrskurði héraðsdóms var ekki skotið til æðri dóms.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefnandi aðilaskýrslu. Einnig gáfu aðilaskýrslu stjórnarformaður sjúkrasjóðs stefnda, B, og stjórnarmaður sjóðsins, C. Þá kom fyrir dóminn sem vitni D viðskiptafræðingur.

Helstu málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir kröfu sína á reglugerð sjúkrasjóðs stefnda 12. mars 2013, einkum grein 9.5, og almennum reglum vinnuréttar. Stefnandi hafi á árinu 2012, þegar hann hafi unnið tímabundið fyrir X ehf., verið með laun frá 319.493 krónum til 374.578 króna á mánuði líkt og fram komi á launaseðlum stefnanda. Stefnandi hafi frá 1. júlí 2013 verið með uppgefin laun að fjárhæð 150.000 krónur á mánuði. Frá ársbyrjun 2014 hafi laun stefnanda hækkað í 450.000 krónur á mánuði. Þessar upplýsingar komi fram á launamiða

vegna ársins 2013, sem sendur hafi verið skattfyrvöldum 4. mars 2014, og á launaseðlum vegna ársins 2014. Ástæða launahækkunar á árinu 2014 hafi verið sú að í byrjun reksturs veitingastaðarins Y hafi ekki verið til fjármunir til að greiða stefnanda full laun samkvæmt eðlilegum launatöxtum. Þegar rekstur veitingastaðarins Y hafi verið kominn á gott ról hafi launin hækkað í eðlilega fjárhæð miðað við laun á markaði og launataxta stefnda. Launahækkunin hafi þó ekki nein teljandi áhrif á þá fjárhæð sem stefnandi eigi rétt á að fá greidda úr sjúkrasjóði stefnda enda skuli miðað við „kauptaxta“ samkvæmt grein 9.3 í framangreindri reglugerð sjúkrasjóðs stefnda, en það hafi svarað til 470.371 krónu miðað við 12 tíma vaktir.

Þar sem iðgjöld í sjúkrasjóð hafi sannanlega verið dregin af launum stefnanda, samkvæmt gögnum úr bókhaldi X ehf., skipti ekki máli þótt iðgjöldin hafi ekki verið greidd reglulega, sbr. grein 9.5 í reglugerðinni, enda sé launagreiðanda skylt að halda eftir af launum iðgjaldshluta launþega og standa viðkomandi lífeyrissjóði skil á honum, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997, ásamt iðgjaldshluta sínum. Stefnandi telur þó að eðlilegar skýringar hafi verið á töfum á greiðslum iðgjalda og vísar til atvika vegna [...] í því sambandi. Hafi iðgjöldin verið greidd af hálfu félagsins eftir að tryggingafélag innti af hendi bætur vegna rekstrartaps þess.

Stefnandi hafi ekki séð um bókhald X ehf. eða uppgjör og geti enga ábyrgð borið á því hvernig þeim málum hafi verið háttað. Bókhaldið hafi verið í höndum D viðskiptafræðings sem hafi staðfest framangreint með yfirlýsingu sem fyrir liggir í málinu og í skýrslu fyrir dómi. Þá hafi fulltrúar ríkisskattstjóra kannað, 24. september 2013, hvort X ehf. stæðu skil á opinberum gjöldum. Hafi þeir komið á starfstöð X 4. október 2013 og staðfest að úrbótum væri lokið. Skattfyrvöldum hafi verið sendur launamiði 4. mars 2014, þar sem laun stefnanda hafi komið fram, sem og að iðgjöld í lífeyrissjóð hafi verið dregin af þeim. Einnig er vísað til bréfs Vinnumálastofnunar árið 2013 þar sem tekið sé fram að samkvæmt gögnum frá aðilum vinnumarkaðarins hafi stefnandi verið við störf fyrir X ehf. Þá beri einnig að nefna staðgreiðsluyfirlit ríkisskattstjóra fyrir árið 2014 þar sem staðfest sé að iðgjöld í lífeyrissjóð hafi verið dregin af launum stefnanda. Enn fremur komi fram á launaseðlum stefnanda fyrir árið 2014 að iðgjöld í lífeyrissjóð hafi verið dregin af launum hans.

Kröfu sína um greiðslu á 1.000.000 króna í skaðabætur til viðbótar byggir stefnandi á sakarreglunni og reglunni um húsbóndaábyrgð. Forsvarsmanni stefnda hafi borið að geta þess, eða þá leiðbeina stefnanda sjálfum um að geta þess, að krefjast bæri sjúkradagpeninga frá þeim degi sem óvinnufærni hans miðaðist við. Á eyðublaði stefnda sjálfs sé hins vegar gert ráð fyrir því að einungis stefndi geti fyllt það út. Á þetta hafi stefndi ekki bent og þar með ekki fullnægt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart stefnanda. Þá hefði stefnda verið í löfa lagið að lagfæra þetta við málflutning með því að staðfesta að krafa stefnanda væri frá því tímamarki að hann var orðinn óvinnufær og ekki lengur á launaskrá hjá atvinnurekanda sínum, þ.e. frá 1. desember 2014. Hafi þetta leitt til frávísunar á fyrra máli aðila og þess að stefnandi hafi verið dæmdur til greiðslu málskostnaðar til stefnda. Sé þessum hluta kröfugerðar stefnanda beint til uppgjors gegn þeim málskostnaði.

Helstu málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi byggir kröfu sína um sýknu aðallega á því að stefnandi hafi ekki uppfyllt það grunnskilyrði að vera sjóðfélagi í sjúkrasjóði stefnda þegar hann sótti um greiðslur úr sjóðnum, sbr. 2. gr. reglugerðar sjóðsins og 2. kafla laga stefnda. Þá hafi hann ekki fullnægt skilyrði greinar 9.5 í reglugerð sjóðsins um að geta fært sönnur á að félagsgjöld til stefnda hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans undanfarna sex mánuði.

Samkvæmt gildandi lögum stefnda sé það því grundvallarskilyrði félagsaðildar að viðkomandi vinni samkvæmt kjarasamningi og greiði til sjóða félagsins í sex mánuði. Hvorugt eigi við í tilviki stefnanda. Stefnandi hafi ekki verið skráður félagsmaður í stefnda á þeim tíma sem hann hafi veikt og reyndar ekki síðan í júlí árið 2013. Stefnandi virðist heldur ekki hafa talið sig á nokkurn hátt bundinn af kjarasamningum stefnda og hvorki uppfyllt þær skyldur sem á félagsmönnum hafi hvílt né talið sig njóta réttinda samkvæmt kjarasamningum stefnda. Samkvæmt gögnum málsins og lýsingum stefnanda sjálfs hafi hann verið með 150.000 krónur í mánaðarlaun árið 2013. Árin 2013 og 2014 hafi hann hvorki áunnið

sér orlofsréttindi, fengið greidda orlofsuppbót eða desemberuppbót né heldur sé getið um það á launaseðlum að slíkur réttur hafi stofnast honum til handa á árinu 2013 eða 2014 eða að orlof eða uppbætur honum til handa sé vangoldið. Þá hafi honum ekki verið greiddir fatapeningar. Þetta sé allt í verulegri andstöðu við þágildandi kjarasamninga stefnda. X ehf. hafi ekkert greitt vegna starfa stefnanda hjá X ehf. fyrr en eftir að stefnandi lagði fram umsókn sína. Þá virðist stefnandi ekki hafa hlutast til um að þessar greiðslur yrðu inntar af hendi, en fyrirvarsmáður vinnuveitanda stefnanda hafi verið dóttir hans.

Stefnandi hafi mætt á skrifstofu Stafa lífeyrissjóðs 29. desember 2014 og afhent þar í einu lagi skilagreinar vegna ársins 2013, sem og vegna alls ársins 2014. Skilagreinar vegna iðgjalda stefnanda árið 2013 hafi raunar ekki verið afhentar af fyrirvarsmönnum X ehf. eða stefnanda sjálfum heldur muni það hafa verið Stafir lífeyrissjóður sem óskað hafi eftir því við ríkisskattstjóra að hafin yrði innheimta á lögbundnum greiðslum stefnanda í sjóðinn. Það sé ágreiningslaust að hvorki laun né iðgjöld hafi skilað sér á réttum tíma og hafi stefnandi ekki dregið dul á þá staðreynd að ekki hafi verið greitt vegna hans til lífeyrissjóðs. Af öllu framangreindu megi ljóst vera að stefnandi verði ekki með nokkru móti talinn hafa uppfyllt það skilyrði laga stefnda um félagsaðild að hafa unnið samkvæmt kjarasamningi stefnda og greitt til sjóða félagsins í sex mánuði, hvorki á því tímamarki er hann hafi veikst né heldur þegar umsókn hans um greiðslu sjúkradagpeninga hafi verið afhent stefnda.

Stefndi mótmælir því að stefnandi fullnægi grein 9.5 í reglugerð stefnda þar sem kveðið sé á um það að geti viðkomandi sjóðfélagi fært sönnur á það að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu sex mánuði skuli hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd vegna hans. Grein þessi hafi verið sett til að vernda starfsfólk, í góðri trú, í þeim tilvikum er vinnuveitendur þess haldi samkvæmt útgefnum launaseðlum eftir iðgjöldum og félagsgjöldum og dragi frá útborguðum launum, en skili þeim ekki til sjúkrasjóðs þrátt fyrir skyldu til þess. Hins vegar þurfi einnig að horfa til jafnræðis sjóðfélaga, hagsmuna sjóðsins og ráðstafana gegn misnotkun réttinda. Það liggja ekkert fyrir um það í tilviki stefnanda að iðgjöld vegna hans hafi sannanlega verið dregin af launum hans samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum síðustu sex mánuði. Þvert á móti sé það svo, líkt og stefnandi hafi sjálfur upplýst, að engum skilagreinum vegna launa eða lífeyrissjóðsgreiðslna hafi verið skilað fyrir hann allt árið 2013, né heldur vegna ársins 2014, fyrr en 29. desember 2014, þegar stefnandi hafi afhent í einu lagi ódagsetta launaseðla vegna alls ársins 2014 auk umsóknar um greiðslu úr sjúkrasjóði stefnda.

Þeirri málsástæðu stefnanda er mótmælt að það sé vegna meints seinagangs á uppgjöri á tryggingabótum frá tryggingafélagi að engin iðgjöld hafi verið greidd til Stafa lífeyrissjóðs, stéttarfélags og sjúkrasjóðs, vegna stefnanda, allt frá júlímánuði árið 2013 til og með júní 2014. Í júlí 2014 hafi þannig ekki neitt verið greitt vegna stefnanda, þrátt fyrir yfirlýsingar stefnanda um að rekstur fram að því hafi verið ábatasamur. Telur stefndi ósamrýmanlegar yfirlýsingar stefnanda um það annars vegar að rekstur X ehf. hafi verið orðinn það góður að unnt hafi verið að hækka verulega laun stefnanda og hins vegar að ekki hafi verið unnt að greiða iðgjöld vegna hans til sjóða stefnda.

Kröfu um greiðslu skaðabóta úr hendi stefnda vegna málskostnaðar sem úrskurðaður var af héraðsdómi í fyrra dómsmáli er með öllu hafnað, sem og málsástæðum þeim er hún byggir á. Mótmælir stefndi því að hafa sýnt af sér saknæma háttsemi þegar stefnandi útfyllti umsókn sína eða að sú háttsemi hafi leitt til þess að héraðsdómur vísaði máli stefnanda frá dómi og úrskurðaði hann til greiðslu málskostnaðar.

Niðurstæða

Í málinu liggja fyrir skattframtöl stefnanda fyrir tekjuárin 2013 og 2014. Samkvæmt þessum framtölum þáði stefnandi laun frá X ehf. á árinu 2013 að fjárhæð 900.000 krónur og á árinu 2014 að fjárhæð 4.500.000 krónur. Á báðum framtölum kemur fram að stefnandi hafi greitt 4% iðgjald af launum til lífeyrissjóðs. Einnig liggja fyrir í málinu launaseðlar stefnanda frá febrúar til og með nóvember 2014, þar sem fram kemur að frá launum stefnanda hafi verið dregin staðgreiðsla skatta og framlag launþega í lífeyrissjóð, auk þess sem framlag vinnuveitanda í lífeyrissjóð og sjúkra- og orlofssjóð er þar tilgreint. Þá liggur fyrir framburður stefnanda sjálfs um að hann hafi sinnt störfum sem matreiðslumaður hjá X ehf. á

veitingastaðnum Y [...] sem mun hafa verið opnaður um mitt ár 2013. Telur dómurinn þann framburð trúverðugan þótt ekki liggi fyrir nánari upplýsingar um umfang og eðli þessara starfa. Er þá einnig horft til þess að stefndi hefur ekki aflað gagna sem hrekja staðhæfingar stefnanda um að hann hafi í reynd sinnt vinnu á veitingastaðnum. Þótt hvorki liggi fyrir í málinu ráðningarsamningur né gögn um einstakar launagreiðslur til stefnanda telur dómurinn, að öllu þessu virtu, að leggja verði til grundvallar að stefnandi hafi verið starfsmaður hjá X ehf. til loka nóvember 2014, þegar hann lét af störfum vegna veikinda. Með hliðsjón af aðilaskýrslu B, fyrirsvarsmanns stefnda, verður einnig að miða við að frá og með 1. desember 2014 hafi stefnandi ekki átt rétt til frekari greiðslna frá vinnuveitanda sínum vegna óvinnufærni sinnar sem sætir ekki ágreiningi.

Með hliðsjón af því sem fram er komið um störf stefnanda hjá X ehf. verður að miða við að um starfskjör hans hafi gilt kjarasamningur milli samtaka atvinnulífsins og stefnda, sbr. 7. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélag og vinnudeilur og 2. málslíð 1. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda. Samkvæmt 10. kafla kjarasamningsins bar vinnuveitanda stefnanda að standa mánaðarlega skil á iðgjöldum til sjóða stefnda, meðal annars gjöldum í lífeyrissjóð og sjúkrasjóðsgjaldi. Grundvallaðist sú skylda einnig á 6. gr. laga nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda að því er varðar greiðslur í sjúkrasjóð stefnda. Í málinu liggur fyrir að við þessa skyldu var ekki staðið af hálfu X ehf. Er þannig fram komið að frá upphafi starfa stefnanda hjá félaginu á árinu 2013 þar til ráðningarsambandi lauk í lok nóvember 2014 hafi hvorki skilagreinum, né greiðslum samkvæmt þeim, verið skilað af hálfu félagsins til stefnda vegna starfa stefnanda.

Samkvæmt 8. gr. reglugerðar fyrir sjúkrasjóð stefnda eru sjóðfélagar þeir félagar í stefnda sem greitt hafa iðgjöld til sjóðsins eða þeir sem fyrir hafa verið greidd iðgjöld af vinnuveitanda. Af 5. gr. laga stefnda leiddi að stefnandi taldist vera fullgildur félagsmaður í stefnda, þegar hann hefði greitt til sjóða stefnda í sex mánuði, enda hefði hann ekki óskað eftir öðru í framhaldi af tilkynningu stjórnar stefnda.

Í greinargerð stefnda er lýst iðgjaldagreiðslum í sjóði stefnda vegna stefnanda allt frá árinu 1998. Kemur þar meðal annars fram að greidd hafi verið iðgjöld til stefnda vegna atvinnuleysisbóta sem stefnandi þáði frá nóvember 2011 til júní 2012 og svo að nýju frá desember 2012 til og með maí 2013. Eins og málið liggur fyrir verður því að leggja til grundvallar að stefnandi hafi verið félagi í stefnda þegar hann hóf störf hjá X ehf. um mitt ár 2013 og haft sem slíkur réttmætar væntingar til þess að vinnuveitandi hans greiddi lögbundin gjöld til stéttarfélags hans.

Þar sem hvorki höfðu verið greidd iðgjöld til sjóðsins vegna stefnanda þegar hann sótti um dagpeninga úr sjúkrasjóði stefnda 29. desember 2014, né skilagreinum vegna hans skilað, er ljóst að ekki var fullnægt skilyrði greinar 9.1 í reglugerð sjúkrasjóðs stefnda um að rétt til greiðslu sjúkradagpeninga ættu þeir sjóðfélagar sem sannanlega hefðu greitt, eða greitt hefði verið fyrir, til sjóðsins í samræmi við kjarasamninga í a.m.k. sex mánuði. Við þessar aðstæður átti stefnandi þess hins vegar kost samkvæmt grein 9.5 í reglugerðinni að færa sönnur á að félagsgjöld hefðu samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu sex mánuði og skyldi hann þá njóta réttar eins og iðgjöldin hefðu verið greidd.

Umrædd grein 9.5 í reglugerð stefnda felur í sér ívilnandi reglu til hagsbóta fyrir launþega sem þegið hefur laun í góðri trú um að vinnuveitandi hans hafi staðið skil á gjöldum til stéttarfélags til samræmis við fyrrgreind ákvæði kjarasamnings og laga nr. 55/1980. Leiðir reglan þannig til þess að launþegi nýtur þeirra réttinda sem honum eru tryggð með kjarasamningi án tillits til vanrækslu vinnuveitanda á því að skila iðgjöldum til stéttarfélagsins. Allt að einu er það launþega í umræddri stöðu að sýna fram á að launaseðlar, þar sem iðgjaldsgreiðslur koma fram, hafi verið gefnir út, enda verður að ætla að slík sönnun sé launþega alla jafnan auðveld. Við mat á því hvaða kröfur beri að gera til launþega í hverju og einu tilviki verður þó að horfa til þess hvaða gögn megi með sanngirni ætlast til þess að hann leggi fram.

Líkt og áður greinir lagði stefnandi fram, að beiðni stefnda, launaseðla fyrir árið 2014 eftir að hann lagði fram umsókn sína 29. desember 2014. Af hálfu stefnda er á það benti að atvik bendi til þess að téðir launaseðlar og gögn sem þeir studdust við hafi verið útbúnir eftir á og beinlínis í þeim tilgangi að styðja við umsókn stefnanda um greiðslur úr sjúkrasjóði. Er í því sambandi einkum vísað til þess að vinnuveitandi stefnanda hafi verið honum nákominn og stefnandi hafi ekki brugðist við áskorun stefnda

um að leggja fram gögn um raunverulegar launagreiðslur sínar. Einnig er vísað til þess að skattkort stefnanda hafi þá ekki að fullu verið nýtt og stefnandi hafi ekki komið fram á skilagreinum X ehf. til stefnda vegna ársins 2013. Af hálfu stefnanda er viðurkennt að launagreiðslur fóru ekki reglulega fram og vísað til aðstæðna félagsins, svo og tengsla hans við það, því til skýringar. Hins vegar er því mótmælt að launaseðlar hafi ekki verið gefnir út reglulega.

Þótt stefnandi hafi veitt vinnuveitanda sínum frest á launagreiðslum til sín getur dómurinn ekki fallist á að það eitt feli í sér lögfulla sönnun þess að laun hafi ekki reglulega verið gerð upp við hann og launaseðlar gefnir út, svo sem hann heldur fram. Fyrir dómi fullyrti D, sem annaðist bókhald X ehf., að hann hefði staðið tollstjóra skil á skilagreinum vegna launa stefnanda. Engin önnur gögn liggja fyrir í málinu sem hrekja þessa yfirlýsingu vitnisins og verður því að leggja hana til grundvallar. Eins og málið liggur fyrir verður því að miða við að laun hafi reglulega verið gerð upp við stefnanda samkvæmt þeim launaseðlum sem fyrir liggja í málinu og getur það þá ekki ráðið úrslitum hvenær greiðsla launa fór fram eða hver staða skattkorts stefnanda var í lok ársins. Að mati dómsins styður þetta fullyrðingu stefnanda um að launaseðlar hafi reglulega verið gefnir út til stefnanda. Þótt vera kunni að X ehf. hafi skilað skilagreinum til stefnda vegna tiltekinna annarra starfsmanna fyrir hluta ársins 2013, og vanræksla félagsins að þessu leyti hafi því verið bundin við stefnanda, getur það heldur ekki ráðið úrslitum.

Samkvæmt framangreindu telur dómurinn að stefnandi hafi leitt að því nægilegar líkur að hann hafi reglulega fengið launaseðla vegna starfa sína, en ekki er um það deilt að á þessum seðlum má sjá að meðal annars eru tilgreind iðgjöld í sjúkrasjóð stefnanda. Samkvæmt orðalagi greinar 9.5 í reglugerð stefnda á hann því rétt á greiðslu úr sjúkrasjóði stefnda.

Með vísan til málsástæðna stefnda verður fallist á það að réttur stefnanda til greiðslu dagpeninga, sem kröfugerð hans vísar til, sé, eins og málið liggur fyrir, takmarkaður við 120 daga og jafnframt að miða beri við 80% af heildarlaunum sem iðgjald miðast við, sbr. grein 10.4.1 í áðurnefndri reglugerð. Í ljósi fyrrgreindrar niðurstöðu dómsins um laun stefnanda verður miðað við að laun hans hjá X ehf. hafi numið 450.000 krónum á mánuði. Á stefnandi samkvæmt þessu rétt til greiðslu alls 1.440.000 króna úr sjúkrasjóði stefnda.

Í málinu liggur fyrir úrskurður héraðsdóms 17. nóvember 2016, þar sem fyrra dómsmáli stefnanda gegn stefnda, vegna sömu atvika og hér um ræðir, var vísað frá dómi vegna óljósrar kröfugerðar og stefnandi úrskurðaður til greiðslu málskostnaðar að fjárhæð 1.000.000 króna. Með kröfugerð sinni í máli þessu krefst stefnandi þess í reynd að hann verði ekki látinn bera málskostnað samkvæmt úrskurði dómsins. Téðum úrskurði héraðsdóms var ekki skotið til æðri dóms. Fól hann því í sér endanlegar lyktir dómsmálsins sem getur ekki komið til endurskoðunar. Að mati dómsins er bersýnilega haldlaus sú málsástæða stefnanda að stefndi beri skaðabótaábyrgð á þeirri vanreifun stefnanda sem leiddi til frávísunar málsins enda hafði stefnandi forræði á eigin málatalbúnaði og bar sjálfur ábyrgð á því að kröfugerð hans fullnægði skilyrðum réttarfarslaga. Hefur stefnandi því ekki leitt líkur að því að téður úrskurður héraðsdóms verði rakinn til saknæmrar og ólögmatrar háttsemi stefnda.

Samkvæmt framangreindu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda 1.440.000 krónur en kröfu stefnanda, svo og varakröfu, er að öðru leyti hafnað. Vaxtakröfu stefnanda er ekki sérstaklega mótmælt og verða dráttarvextir því dæmdir frá þingfestingu málsins, svo sem krafist er í stefnu.

Eftir úrslitum málsins og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda stærstan hluta málskostnaðar hans sem þykir hæfilega ákveðinn 1.250.000 krónur að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Af hálfu stefnanda flutti málið Heiðar Ásberg Atlason lögmaður.

Af hálfu stefnda flutti málið Katrín Smári Ólafsdóttir lögmaður.

Skúli Magnússon héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

DÓMSORÐ

Stefndi, Matvæla- og veitingafélag Íslands, greiði stefnanda 1.440.000 krónur ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 2. mars 2017.

Stefndi greiði stefnanda málskostnað að fjárhæð 1.250.000 krónur.